

# GÆÐI STARFSEMI OG ÞJÓNUSTU ERU MIKILVÆG

Í mörg ár hafa Hópbílar, Hagvagnar og Hagvagnar þjónusta gefið út skýrslu þar sem teknar eru saman upplýsingar úr rekstri liðins árs er varða umhverfis- og öryggismál félaganna og settar fram til samanburðar við fyrri ár. Í þessu fréttabréfi eru upplýsingar úr skýrslu fyrir árið 2024. Skýrsluna í heild sinni má finna á vef Hópbíla, [hopbilar.is/wp-content/uploads/2025/05/Umhverfisskýrsla-2024.pdf](http://hopbilar.is/wp-content/uploads/2025/05/Umhverfisskýrsla-2024.pdf)

Við lítum á samfélagslega ábyrgð og umhverfis- og öryggisvitund sem óaðskiljanlega hluta af starfsemi okkar. Sem eitt af stærri rútuþyrtingum landsins kappkostum við ávallt að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar eins og kostur er. Öryggi á vinnustað er okkur hugleikið, hvort heldur sem er á starfsstöðvum okkar eða í bílum okkar á ferð um landið. Þetta gerum við m.a. með því að starfrækja formlega vottuð stjórnkerfi skv. kröfum alþjóðlegra staðla ISO 14001 fyrir umhverfismál og ISO 45001 fyrir öryggismál og vinnuvernd. Þar spila fræðsla, skýrir verkferlar og umbætur stór hlutverk.

Gæði starfsemi okkar og þjónusta eru okkur mjög mikilvæg. Gæða- og þjónustustefna er öllum starfsmönnum mikilvægur leiðarvísir í daglegum störfum og samskiptum við viðskiptavini. Til að styðja enn frekar við þær mikilvægu áherslur höfum við hafið þá vegferð að taka upp alþjóðlegan gæðastjórnunarstaðal ISO 9001 og stefnum á að innleiðingu verði lokið á árinu 2025.

Eitt af okkar mikilvægustu skrefum í loftslagsmálum eru mótvægisáðgerðir vegna mengunar flotans með trjárækt í samstarfi við Kolvið frá árinu 2020. Með þessum áðgerðum tryggjum við að kolefnisfótspor okkar er minna en ella um leið og við stuðlum að endurheimt gróðurlenda og aukinni kolefnisbindingu til framtíðar. Það er okkur mikilvægt að gera það sem við getum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum starfseminnar.

Þá höfum við einnig hafið undirbúning að rafvæðingu bílaflotans okkar og standa vonir til þess að formleg innleiðing vistvænni orkugjafa í starfseminna líti dagsins ljós á árinu. Það er mjög spennandi, stórt og kostnaðarsamt verkefni sem kallar á töluverðar framkvæmdir og uppbyggingu innviða á starfstöð okkar.

Við trúum að þessi umbýlting sé á næsta leiti, hún er nauðsynleg og við tökum glöð þátt. Umhverfinu til heilla!



## Í fréttabréfinu

Gæði starfsemi og þjónusta eru okkur mikilvæg .....	1
Losun koltvísyrings.....	2
Atvikaskráning .....	2
Akstur og eyðsla.....	3
Aksturshegðun og tölfræðirýni fyrir maí 2025.....	4

# STOLT AF FRAMLAGI OKKAR

## LOSUN KOLTVÍSÝRINGS

Kröfur um mótvægisáðgerðir í umhverfismálum eru sífellt að aukast. Hópbílar og Hagvagnar eru vel meðvituð um að starfsemi þeirra verður seint umhverfisvæn en hafa ávallt reynt að draga úr áhrifum starfseminnar á umhverfið eins og hægt er hverju sinni. Félögin hafa lengi notað Biodísil til að draga úr losun CO<sub>2</sub> og frá 2020 staðið að mótvægisáðgerðum með trjárækt í samvinnu við Kolvið fyrir rútabílaflota Hópbíla.

Eins og sjá má á töflunni hér að neðan hafði notkun Biodísils þau áhrif að koltvísýringslosun Hópbíla og Hagvagna var 381 tonni minni en ella á síðasta ári. Áhrif Biodísils á losun eru því ótvíræð og til gamans má geta þess að síðast liðin 10 ár hefur notkun Biodísils leitt af sér um 3.200 tonna minni losun CO<sub>2</sub>. Með samningi við Kolvið voru/verða gróðursett tæplega 13.000 tré vegna losunar rútabílaflotans á 1.300 tonn af CO<sub>2</sub>.

Þó framlag okkar sé lítið í stóra samhenginu erum við samt stolt af þessu framlagi. Næstu mótvægisáðgerðir hafa þegar verið ákveðnar þar sem stefnt er að kaupum á okkar fyrstu rafmagnsstrætisvögnum á næstu vikum og að þeir hefji akstur á haustmánuðum. Þetta er stór ákvörðun og kostnaðarsöm en fellur vel að áherslum félaganna um að leita sífellt leiða til að minnka áhrif rekstursins á umhverfið.

Framtíðin er rafmagn! Þeirri framtíð tökum við fagnandi.

Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	ein	2021	2022	2023	2024
Heildarlosun	t.	5.336	6.163	6.035	5.589
Losun með Biodísil	kg	5.073	5.860	5.624	5.208
Jákvæð áhrif Biodísils (mismunur)	t.	-263	-303	-411	-381
<b>Raunlosun samtals</b>	<b>t.</b>	<b>5.073</b>	<b>5.860</b>	<b>5.624</b>	<b>5.208</b>
Áhrif kolefnisjöfnunar	t.	-921	-1.638	-1.531	-1.273
Losun pr. km.	kg.	0,65	0,67	0,65	0,66

## ATVIKASKRÁNING

Vel er haldið utan um atvikaskráningu hjá félögunum og allar kvartanir, frávik og ábendingar skráðar á þar til gerð eyðublöð.

Flest atvik eru afgreidd samdægurs en séu mál þess eðlis eru þau sérstaklega tekin fyrir í Gæðaráði félaganna og ef þurfa þykir er gerð sérstök úrbótaáætlun til að fyrirbyggja að atvik endurtaki sig. Nú er samantektin í fyrsta skipti skipt eftir deildum og því er ekki til staðar samanburður milli ára. Heildarfjöldi atvika var svipaður og undanfarin ár.

Deild	Fjöldi atvika	Atvik pr. 100.000 km.
Strætó	324	21,90
Akstursþjónusta	216	9,45
Rútur	27	1,55
Landsbyggð	21	0,88
<b>Samtals</b>	<b>588</b>	<b>7,44</b>


# AKSTUR OG EYÐSLA

Heildarakstur og olíunotkun ársins minnkaði nokkuð milli ára, aðallega vegna minni umsvifa Akstursþjónustu fatlaðra. Eyðsla jókst lítillega en er innan eðlilegra sveiflna milli ára.

Olíunotkun ársins veldur losun á u.þ.b. 5.600 tonnum af CO<sub>2</sub>. Til mótvægis þessari losun nota félagin Biodísel íblöndun í allt eldsneyti og náðu þannig að minnka útstreymi CO<sub>2</sub> um 380 tonn.


## HAGVAGNAR

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2021	626.827	1.449.388	43,2	
2022	653.510	1.463.679	44,6	3,2%
2023	640.656	1.453.161	44,1	-1,3%
<b>2024</b>	<b>638.761</b>	<b>1.479.758</b>	<b>43,2</b>	<b>-2,1%</b>




## HÓPBÍLAR - RÚTUR

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2021	348.736	1.293.752	27,0	
2022	620.534	2.283.313	27,2	0,8%
2023	579.947	2.170.943	26,7	-1,7%
<b>2024</b>	<b>473.528</b>	<b>1.738.791</b>	<b>27,2</b>	<b>1,9%</b>




## HÓPBÍLAR - LANDSBYGGÐARSTRÉTO

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2021	729.721	2.528.856	28,9	
2022	750.931	2.552.981	29,4	1,9%
2023	742.959	2.493.773	29,8	1,3%
<b>2024</b>	<b>709.957</b>	<b>2.398.222</b>	<b>29,6</b>	<b>-0,6%</b>



## HÓPBÍLAR - AKSTURSDJÓNUSTA

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2021	315.976	2.591.814	12,2	
2022	312.062	2.510.140	12,4	2,0%
2023	322.528	2.596.962	12,4	-0,1%
<b>2024</b>	<b>294.943</b>	<b>2.285.485</b>	<b>12,9</b>	<b>3,9%</b>



# AKSTURSHEGÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI APRÍL 2025



Hér gefur að líta heildaryfirlit um aksturshegðun og samanburðar tölfræði bílstjóra Hópbíla og Hagvagna.

Hópnum er skipt upp í fjóra flokka.

Flokkur **100** er hópferðadeild, flokkur **200** er strætisvagnadeild, flokkur **400** eru landsbyggðarvagnar og flokkur **500** eru bílar í akstursþjónustu fatlaðra og eldra fólks.

Vert er að taka fram að flokkur 200 er skemmra á veg kominn í kerfinu.

Hópbílar hf.  
Melabraut 18  
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:  
Leifur S. Garðarsson  
Verkefnastjóri  
leifur@hopbilar.is

